

Eineltisáætlun Skarðshlíðarskóla

Við gerð þessarar áætlunar er meðal annars stuðst við efni frá fagráði eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Stefnuýfirlýsing

Skarðshlíðarskóli leggur metnað sinn í að skapa vingjarnlegt andrúmsloft sem byggir á gagnkvæmri virðingu og jákvæðni. Markmið skólans er að öllum líði vel og finni til öryggis. Leitað verður allra leiða til að fyrirbyggja einelti, stöðva og leysa þau mál sem upp koma. Í samræmi við þessa sýn lýsir starfsfólk, nemendaráð, foreldrafélag og foreldraráð Skarðshlíðarskóla því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Einelti er aldrei ásættanlegt og litið er á það sem samstarfsverkefni heimila og skóla að mynda skólabrag þar sem einelti fær ekki þrífist.

Um einelti og samskiptavanda

Það er ekki einfalt að ákveða hvort um einelti sé að ræða þegar samskiptavandi kemur upp. Samskiptavandi birtist á margvíslegan hátt og er misalvarlegur. Í mörgum tilfellum geta einstaklingar sjálfir leyst úr málunum og þurfa að fá tækifæri til þess svo þroska megi samskiptafærni þeirra. Stundum er um misskilning að ræða. Stundum verður þó til neikvætt mynstur í samskiptum sem einstaklingar geta ekki sjálfir leyst sín á milli og fer að hafa neikvæðar afleiðingar á líðan viðkomandi. Það má segja að einelti sé alvarlegasta stig samskiptavanda – þegar síendurtekin hegðun er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður og reka eða útskúfa viðkomandi úr samfélagi jafningja. Þegar upp kemur vandi í samskiptum er mikilvægt að orka og athygli fari ekki eingöngu í að skilgreina hversu alvarlegur vandinn er og hvort um einelti sé að ræða eða ekki. Mikilvægast er að finna farsælar leiðir til að takast á við vandann, skoða umhverfið í heild sinni og gefa öllum aðilum máls tækifæri til að axla ábyrgð á hegðun sinni og breyta til hins betra.

Skilgreining á einelti

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa, hunsa, ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Í einelti felst oft misbeiting á valdi. Stríðni, átök og einstaka ágreiningur milli nemenda þarf ekki að vera einelti en koma þarf í veg fyrir að það þróist yfir í einelti.

Dæmi um einelti

Í líkamlegu einelti felst hvers konar líkamlegt áreiti svo sem klór, barsmíðar, slagsmál, hártoganir og spörk.

Andlegt einelti á sér stað við stríðni, höfnun, svipbrigði, skilaboð o.fl. (skilja út undan, tala illa um, ógna, hæða o.s.frv.).

Rafrænt einelti er skilgreint eins og annað einelti. Rafrænt einelti er notað yfir þá tegund eineltis þegar internetið og/eða snjallsímar eru notaðir til að koma niðrandi og oft á tíðum meiðandi upplýsingum um einstakling á framfæri.

Efnislegt einelti er þegar eigum barnsins er stolið eða þær skemmdar.

Einelti gerist oftast þar sem enginn sér til og getur því farið fram hjá þeim fullorðnu ef enginn segir frá. Allir geta orðið fyrir einelti og því er nauðsynlegt að allir þekki einkenni eineltis.

Vísbendingar að um einelti geti verið að ræða ef nemandi:

- Fær svefntruflanir.
- Er hræddur við að ganga einn í skólann eða heim.
- Breytingar verða á skapi.
- Fer aðra leið í skólann en hann er vanur.
- Vill ekki fara í skólann.
- Kvartar undan vanlíðan á morgnana, t.d. höfuðverk og magaverk.
- Byrjar að skrópa í skólann.
- Forðast ákveðnar aðstæður.
- Hættir að sinna náminu, einkunnir lækka.
- Fer að koma heim með rifin föt og skemmdar námsbækur.
- Er sífellt að „týna“ eigum sínum.
- Missir sjálfstraust, byrjar jafnvel að stama.
- Fitnar eða grennist ótæpilega.
- Leikur sér ekki við önnur börn, forðast þau jafnvel.
- Neitar að segja frá því hvað amar að.
- Kemur heim með óútskýrða marbletti eða skrámur.
- Verður árásgjarn og erfiður viðureignar.

Áætlun um viðbrögð og vinnuferli við einelti og samskiptavanda

Skarðshlíðarskóli hefur skýrar reglur og vinnuferli ef grunur vaknar um einelti eða samskiptavanda. Þó þarf að hafa í huga að slík mál er jafn misjöfn og þau eru mörg og því þarf að taka tillit til hvers máls fyrir sig og aðlaga vinnuferlið að því. Á meðan á vinnuferli stendur er leitast eftir því að tryggja að þolandi upplifi öryggi. Þetta er meðal annars gert með því að huga að sætaskipan í stofum og aukinni eftirfylgd t.d. í frímínútum, á göngum, í íþróttum og í sundi. Þolanda og geranda er veittur stuðningur meðan unnið er að málinu. Til að tryggja traust og hlutleysi er ávallt reynt að haga því þannig að það sé ekki sami starfsmaður sem veiti þennan stuðning. Á meðan á vinnslu mála stendur eru foreldrar reglulega upplýstir.

Forvarnir gegn einelti og samskiptavanda

Það er markmið Skarðshlíðarskóla að halda upp virku forvarnarstarfi gegn einelti sem beinist að því að stuðla að góðum félagsanda í bekkjum og byggja upp traust og samvinnu milli heimila og skóla. Nauðsynlegt er að starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra vinni saman með fyrirbyggjandi aðgerðum sem miða að því að draga úr eða koma í veg fyrir einelti. Þar má nefna:

- SMT skólafærni og skýrar skólareglur.
- Unnið með hópefli innan bekkjarins.
- Eineltisáætlun er fyrir hendi og endurskoðuð reglulega.
- Mikilvægt er að starfsfólk, foreldrar og nemendur þekki stefnu skólans í eineltismálum, séu meðvitaðir um einelti og samskiptavanda, þekki einkennin, geti brugðist við þeim og viti hvert skal leita.
- Regluleg fræðsla um einelti, samskiptavanda og umræður um það. Brýna vel fyrir nemendum að láta umsjónarkennara vita ef grunur um einelti og/eða samskiptavanda kemur upp.
- Fræðsluefni, fyrirlestrar og myndbönd um einelti og afleiðingar þess eru notuð í lífsleiknikennslu í öllum árgöngum skólans í forvarnarskyni.
- Allir þurfa að vera meðvitaðir um afleiðingar eineltis og vera samtaka í því að koma í veg fyrir það.
- Tengslakannanir eru notaðar til að kortleggja stöðuna í hverri bekkjardeild einu sinni til tvisvar á ári.
- Virkt eftirlit í frímínútum, íþróttahúsi, sundlaug, matsal, kennslustofum og á öllum svæðum skólans þar sem nemendur koma saman.